



Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Samtök iðnaðarins standa fyrir „Degi byggingariðnaðarins á Norðurlandi“.

Þennan dag verður byggingar- og mannvirkjageiranum á Norðurlandi gert hátt undir höfði bæði með sýningu í Menngarhúsinu Hofi og opnum húsum á byggingastöðum og verkstæðum á Akureyri og víðar í landshlutanum.

Yfir 20 aðilar verða með sýningarbása í Hofi og þar verður einnig sett upp sérstök upplýsingamiðstöð. Þá verða einnig opnar íbúðir í byggingu út um allan bæ. Þess ber að geta að það er ekki bara á Akureyri sem fyrirtækin opna húsin sín. Aðilar á Dalvík, Siglufirði, Sauðárkróki og Húsavík taka einnig þátt í verkefninu.

Ekki láta þig vanta á þessum skemmtilega degi laugardaginn 14. apríl í Hofi.

Hér má sjá stutt spjall við Sigríði Huld Jónsdóttur, skólameistara VMA í Vikudegi, 3. apríl s.l.

<https://www.vikudagur.is/is/frettir/storsyning-i-hofi>